

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2005 frá 2. desember 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/841/EB frá 28. nóvember 2005 um tímabundna markaðssetningu tiltekins sáðkorns af tegundinni *Triticum durum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/402/EBE ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/886/EB frá 9. desember 2005 um að leysa Kýpur og Möltu undan þeirri skyldu að beita tilskipun ráðsins 2002/54/EB um markaðssetningu sykkurófufraes ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/91/EB frá 16. desember 2005 um breytingu á tilskipun 2003/90/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/947/EB frá 23. desember 2005 um að halda áfram á árinu 2006 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni *Agrostis* spp., *D. glomerata* L., *Festuca* spp., *Lolium* spp., *Phleum* spp., *Poa* spp. þ.m.t. blöndur og *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 2002/55/EB sem hófust 2005 ⁽⁷⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 65.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 326, 13.12.2005, bls. 39.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 331, 17.12.2005, bls. 24.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 342, 24.12.2005, bls. 103.

- 8) Með tilskipun 2003/91/EB er felld úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/168/EBE ⁽⁸⁾ og með tilskipun 2003/90/EB er felld úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/180/EBE ⁽⁹⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/90/EB, 2003/91/EB og 2005/91/EB og ákvarðana 2005/841/EB, 2005/886/EB og 2005/947/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽⁸⁾ Stjtíð. EB L 103, 2.5.1972, bls. 6.

⁽⁹⁾ Stjtíð. EB L 108, 8.5.1972, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2006

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 13. lið (tilskipun ráðsins 2002/57/EB) í 1. hluta:
 - „14. **32003 L 0090**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7), eins og henni var breytt með:
 - **32005 L 0091**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/91/EB frá 16. desember 2005 (Stjtið. ESB L 331, 17.12.2005, bls. 24).
 15. **32003 L 0091**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stjtið. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).“
2. Texti 7. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/168/EBE) og 8. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/180/EBE) í 1. hluta falli brott.
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/435/EB) í 2. hluta:
 - „43. **32005 D 0841**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/841/EB frá 28. nóvember 2005 um tímabundna markaðssetningu tiltekins sáðkorns af tegundinni *Triticum durum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/402/EBE (Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 65).
 44. **32005 D 0947**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/947/EB frá 23. desember 2005 um að halda áfram á árinu 2006 samanburðartilraunum og -prófunum á vegum Bandalagsins á fræi og fjölgunarefni *Agrostis* spp., *D. glomerata* L., *Festuca* spp., *Lolium* spp., *Phleum* spp., *Poa* spp. þ.m.t. blöndur og *Asparagus officinalis* samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 2002/55/EB sem hófust 2005 (Stjtið. ESB L 342, 24.12.2005, bls. 103).“
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 75. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/325/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLYÐILEGT TILLIT TIL*“ í 2. hluta:
 - „76. **32005 D 0886**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/886/EB frá 9. desember 2005 um að leysa Kýpur og Möltu undan þeirri skyldu að beita tilskipun ráðsins 2002/54/EB um markaðssetningu sykurrófufraes (Stjtið. ESB L 326, 13.12.2005, bls. 39).“